# Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2018, föstudaginn 7. desember kl. 09:09, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 708. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Helena Stefánsdóttir

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Ingvar Jón B. Gíslason, Björn Ingi Edvardsson, Sólveig Sigurðardóttir, Hildur Gunnarsdóttir, Guðlaug Erna Jónsdóttir, Lilja Grétarsdóttir, Jón Kjartan Ágústsson og Hrafnhildur Sverrisdóttir.

Ritari var Björgvin Rafn Sigurðarson

**Þetta gerðist:**

1. **Ásvallagata 48,** *(fsp) niðurrif á húsi* (01.139.1) Mál nr. SN180678 Skjalnr. 11752

Ingunn Helga Hafstað, Blönduhlíð 7, 105 Reykjavík
670812-0810 Almenna C ehf., Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Ingunnar Helgu Hafstað dags. 1. október 2018 ásamt bréfi dags. 4. september 2018 varðandi niðurrif hússins á lóð nr. 48 við Ásvallagötu. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 2. júlí 2018 og bréf Ferils ehf., verkfræðistofu, dags. 19. september 2018.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

2. **Bergstaðastræti 29,** *Nýbyggingu* (01.184.413) Mál nr. BN055324 Skjalnr. 13336

Guðmundur Aðalsteinsson, Danmörk, Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. október 2018 þar sem sótt er um leyfi til byggja mhl. 02 sem er tveggja hæða steinsteypt íbúðarhús með kjallara á lóð nr. 29 við Bergstaðastræti. Erindi var grenndarkynnt frá 5. nóvember 2018 til og með 3. desember 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Húseigendafélagið f.h. Telmu Hrund Jóhannesdóttur dags. 29. nóvember 2018, Brynja Aðalsteinsdóttir dags. 30. nóvember 2018, Berglind Sigurðardóttir f.h. eigenda að Bergstaðastræti 31A og Helga Berglind Atladóttir og Bjarni Már Bjarnason dags. 1. desember 2018, Sigurður Atli Atlason dags. 2. desember 2018 og Halldóra Jónsdóttir, Sigurður Páll Árnason, Ísold Jakobsdóttir og Benedikt Óttar Snæbjörnsson dags. 3. desember 2018.
Stærð mhl.02: 226,7 ferm., 682,4 rúmm. Gjald kr. 11.000
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

3. **Bjarmaland 10-16,** *(fsp) nýta þakrými og setja þakglugga/kvist* (01.854.4) Mál nr. SN180758 Skjalnr. 12709

Reynir Finndal Grétarsson, Bjarmaland 16, 108 Reykjavík
Jón Guðmundsson, Látraströnd 12, 170 Seltjarnarnes

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. nóvember 2018 var lögð fram fyrirspurn Reynis Finndals Grétarssonar mótt. 16. október 2018 um að nýta innréttað þakrými hússins nr. 16 á lóð nr. 10-16 við Bjarmaland og setja þakglugga/kvist á suðurhlið hússins, samkvæmt uppdr. Jóns Guðmundssonar arkitekts dags. 9. október 2018. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. desember 2018.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. desember 2018 samþykkt.*

4. **Brautarholt 4-4A,** *Stækka 4 hæð* (01.241.203) Mál nr. BN055115
Skjalnr. 9198

Einar Guðlaugsson, Tunguvegur 23, 108 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. október 2018 þar sem sótt er um leyfi til að endurskipuleggja 2. og 3. hæð, stækka 4. hæð yfir svalir til suðurs og innrétta þar 11 gistirými sem verða viðbót við núverandi gististað í flokki II, teg. b fyrir samtals 66 gesti í 32 herbergjum í húsi nr. 4 á lóð nr. 4-4A við Brautarholt. Erindi var grenndarkynnt frá 2. nóvember 2018 til og með 30. nóvember 2018. Engar athugasemdir bárust. Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa dags. 17. september 2018. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 5. október 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. október 2018. Stækkun: 46,2 ferm., 82,2 rúmm. Gjald kr. 11.000

*Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*
*Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.*

5. **Bústaðavegur 151 og 153,** *breyting á deiliskipulagi* (01.826.1) Mál nr. SN180383
Skjalnr. 7581

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðirnar nr. 151 og 153 við Bústaðaveg. Deiliskipulagtillagan sýnir færslu stofnveituhitalagnar gegnum reitinn 5 metra til suðurs sem hliðrar lóðarmörkum og byggingarreitum lóða nr. 151B og 151C sem því nemur. Lega stíga- og gatnakerfis svæðisins hefur verið hannað frekar og hliðrað óverulega til. Aðkomuleið að lóðum var framlengd til norður um 10 m svo stórir bílar geti athafnað sig á svæðinu næst nr. 151D. Aðkomuleið akandi umferðar að veitingastað á lóð nr. 153 var færð inn á lóð 151A sem minnkar, en við það er þörf á að fjarlæga helming af núverandi hesthúsum Fáks á lóðinni, samkvæmt uppdr. ARKÍS arkitekta ehf. og Landslags ehf. dags. 11. september 2018. Einnig er lögð fram húsakönnun Landslags dags. 15. maí 2018, umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 30. maí 2018, bréf Minjastofnunar Íslands dags. 5. júní 2018 og bréf Vegagerðarinnar dags. 28. september 2018. Einnig eru lögð fram Húsaskrá og varðveislumat Formleifaskrá Borgarsögusafni dags. 28. september 2018 og uppdráttur Arkís arkitekta og Landslags ehf. dags. 1. október 2018. Tillagan var grenndarkynnt frá 22. október 2018 til og með 3. desember 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Andri Þór Arinbjörnsson f.h. Reita - verslun ehf. dags. 8. nóvember 2018.

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

6. **Melgerði 1,** *deiliskipulag* (01.814.0) Mál nr. SN180384
Skjalnr. 5110

Magnús Albert Jensson, Langagerði 88, 108 Reykjavík
Halla Arnardóttir, Melgerði 1, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. ágúst 2018 var lögð fram umsókn Magnúsar Jenssonar dags. 21. maí 2018 ásamt tillögu að deiliskipulagi reits sem afmarkast af Melgerði, Grundargerði, Búðagerði og Breiðagerði. Í tillögunni felst stækkun lóðarinnar nr. 1 við Melgerði til norðausturs yfir borgarland, samkvæmt uppdr. Magnúsar Jenssonar dags. 21. maí 2018. Fyrirspurninni var frestað, umsækjandi hafi samband við embætti skipulagsfulltrúa, og er nú lagt fram að nýju.

*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Grundargerði 27, Búðagerði 4,6, 8, 10 og 12, Breiðagerði 37 og Melgerði 3 og 5.*

*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gr. 7.6.. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1193/2016. Erindið verður ekki grenndarkynnt fyrr en greitt hefur verið fyrir grenndarkynningu.*

7. **Í Úlfarsfellslandi,** *Nýtt frístundahús* (97.001.180) Mál nr. BN055142
Skjalnr. 8533

Guðmundur Örn Antonsson, Víðigrund 3, 200 Kópavogur

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 4. september 2018 þar sem sótt er um leyfi til að byggja frístundahús á lóð með landnúmer 125493, í Úlfarsfellslandi. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. október 2018. Jafnframt er lögð fram lagfærð umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. desember 2018.
Stærð: xx ferm., og xx rúmm. Gjald 11.000
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. desember 2018 samþykkt.*

8. **Kjalarnes, Hólaland,** *deiliskipulag* (32.45) Mál nr. SN180266
Skjalnr. 13526

420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Ask Arkitekta ehf. dags. 9. apríl 2018 ásamt greinargerð dags. 9. mars 2018 varðandi nýtt deiliskipulag í Hólalandi á Kjalarnesi. Í tillögunni felst uppbygging á sambýli með 6-8 íbúðum allt að 700 fm., samkvæmt uppdr. Ask Arkitekta ehf. dags. 11. september 2018. Lagt fram að nýju ásamt umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 15. maí 2018 og húsa- og fornleifaskrá Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 10. september 2018. Tillagan var auglýst frá 22. október 2018 til og með 3. desember 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Bjarni Pálsson dags. 3. desember 2018.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

9. **Kjalarnes, Þverárkot,** *framkvæmdaleyfi* Mál nr. SN180820
Skjalnr. 10231

680269-2899 Vegagerðin, Borgartúni 5-7, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn Vegagerðarinnar dags. 27. nóvember 2018 um framkvæmdaleyfi í landi Þverárkots á Kjalarnesi sem felst í að setja niður tvö stálræsi 2,8 metra að breidd og 18 metrar að lengd hvort í farveg Þverár, vegfyllingu yfir ræsi í farvegi Þverár og minniháttar uppbyggingu á vegi vestan Þverár (100 metrar). Einnig eru lagðir fram uppdrættir Vegagerðarinnar dags. 16. nóvember 2018.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

10. **Vogabyggð svæði 5,** *nýtt deiliskipulag* (01.45) Mál nr. SN180390
Skjalnr. 13136

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. október 2018 var lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 17. október 2018 þar sem gerð er athugasemd við birtingu auglýsingu um samþykkt nýs deiliskipulags í B-deild Stjórnartíðinda. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn Vegagerðarinnar dags. 31. október 2018, umsögn Hafrannsóknarstofu dags. 19. nóvember 2018, umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 20. nóvember 2018 og umsögn Umhverfisstofnunar dags. 26. nóvember 2018. Einnig eru lagðir fram uppdrættir Jvantspijker og Teiknistofunnar Traðar dags. 29. maí 2018 lagf. 6. desember 2018, greinargerð og skilmálar Jvantspijker og Teiknistofunnar Traðar dags. 29. maí 2018 lagf. 6. desember 2018 og minnisblað Teiknistofunnar Traðar dags. 6. desember 2018.
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

11. **Bergstaðastræti 72,** *(fsp) bílastæði* (01.197) Mál nr. SN180721
Skjalnr. 14031

Ólafur Loftsson, Bergstaðastræti 72, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. október 2018 var lögð fram fyrirspurn Ólafs Loftssonar dags. 15. október 2018 um að setja bílastæði á lóð nr. 72 við Bergstaðastræti. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. desember 2018.
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 7. desember 2018.*

12. **Hallgerðargata 20,** *breyting á deiliskipulagi* (01.345.3) Mál nr. SN180666

Skjalnr. 14022
420369-6979 Brynja, Hússjóður Öryrkjabandal, Hátúni 10c, 105 Reykjavík
560496-2739 Arkitektar Laugavegi 164 ehf, Laugavegi 164, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. október 2018 var lögð fram umsókn Arkitekta Laugavegi 164 ehf. dags. 25. september 2018 ásamt bréfi dags. 25. september 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Kirkjusands vegna lóðarinnar nr. 20 við Hallgerðargötu. Í breytingunni felst aukning á byggingarmagni ofanjarðar, fjölgun íbúða, fjölgun bílastæð í kjallara o.fl., samkvæmt uppdr. Ask Arkitekta ehf. 27. nóvember 2018. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gr. 7.5 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1193/2016.*

13. **Langholtsvegur 43-45 og 47,** *breyting á deiliskipulagi* (01.357.0) Mál nr. SN180840 Skjalnr. 9995

541105-0420 Ljósið styrktarfélag krabbmeins, Ægisíðu 78, 107 Reykjavík
Lögð fram umsókn Ljóssins styrktarfélags Krabbameins um breytingu á deiliskipulagi reita 1.3 og 1.4, Sundin, vegna lóðanna nr. 43-45 og 47 við Langholtsveg. Í breytingunni felst sameining lóðanna og stækkun á byggingarreit, samkvæmt uppdr. Batterísins Arkitekta ehf. dags. 22. nóvember 2018.
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Langholtsvegi 41, 49, og 70, Dyngjuvegi 18, Laugarásvegi 77 og Efstasundi 38, 40, 42, 44 og 46.*

*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gr. 7.6. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1193/2016. Erindið verður ekki grenndarkynnt fyrr en greitt hefur verið fyrir grenndarkynningu.*

14. **Vesturgata 16,** *(fsp) gististaður í flokki II* (01.132.1) Mál nr. SN180825 Skjalnr. 9852

621014-0560 Tryggvagata ehf., Dugguvogi 2, 104 Reykjavík
560496-2739 Arkitektar Laugavegi 164 ehf, Laugavegi 164, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Sigurðar Halldórssonar arkitekts dags. 30. nóvember 2018 ásamt bréfi dags. 3. desember 2018 varðandi rekstur gististaðar í flokki II í húsinu á lóð nr. 16 við Vesturgötu. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. desember 2018.
*Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. desember 2018.*

15. **Vesturgata 29,** *Bakbygging - salerni og útigeymsla* (01.135.104) Mál nr. BN055521 Skjalnr. 14040

Ingibjörg Ásta Pétursdóttir, Vesturgata 29, 101 Reykjavík
Þorsteinn Bergsson, Vesturgata 29, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 4. desember 2018 þar sem sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu við suður- og vesturhlið, og koma þar fyrir sólstofu, salerni og útigeymslu ásamt því að byggja kvist á suðurhlið í húsi á lóð nr. 29 við Vesturgötu. Stækkun: x ferm., x rúmm. Umsagnir Borgarsögusafns dags. 30.10.2018 og Minjastofnunar Íslands dags. 22.10.2018 fylgja erindi ásamt samþykki aðliggjandi lóðarhafa áritað á teikningar. Gjald kr. 11.000
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

16. **Holtsgata 10 og 12 og Brekkustígur 16,** *(fsp) deiliskipulag* (01.134.3) Mál nr. SN180810 Skjalnr. 11511

601004-2240 PKS ráðgjöf ehf, Holtsgötu 12, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Páls Kristjáns Svanssonar dags. 23. nóvember 2018 um gerð nýs deiliskipulags á reit sem afmarkast af Holtsgötu, Brekkustíg, Framnesvegi og Öldugötu. Markmið fyrirhugaðrar deiliskipulagsgerðar er að byggja á lóðunum nr. 10 og 12 við Holtsgötu og 16 við Brekkustíg vegleg borgarhús, samkvæmt tillögu Birkis Ingibjartssonar arkitekts ódags.

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

17. **Kirkjusandur - lóð C,** *(fsp) fjölgun bílastæða* (01.34) Mál nr. SN180779 Skjalnr. 8642

440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 16. nóvember 2018 var lögð fram fyrirspurn THG Arkitekta ehf. dags. 6. nóvember 2018 ásamt greinargerð dags. 6. nóvember 2018 varðandi fjölgun bílastæða við lóð C í Kirkjusandi fyrir verslanir á jarðhæð, samkvæmt uppdr. Landmótunar dags. 1. nóvember 2018. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. desember 2018.

*Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 7. desember 2018.*

18. **Laugavegur 103,** *(fsp) gististaður* (01.240.0) Mál nr. SN180689 Skjalnr. 6847

630300-2580 Berg Framtíð ehf., Dalaþing 6, 203 Kópavogur

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. nóvember 2018 var lögð fram fyrirspurn Bergs Framtíðar ehf. dags. 3. október 2018 varðandi rekstur gististaðar í íbúð 501 í húsinu á lóð nr. 103 við Laugaveg. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. desember 2018.

*Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 5. desember 2018.*

19. **Njörvasund 10,** *Hækka bílskúr* (01.411.501) Mál nr. BN055453 Skjalnr. 12921

Margrét Herdís Einarsdóttir, Njörvasund 10, 104 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. nóvember 2018 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 20. nóvember 2018 þar sem sótt er um leyfi til að hækka og byggja mænisþak á bílskúr og til að byggja verönd með skjólveggjum og heitum potti með öryggisloki sem verður sérnotaflötur íbúðar 0101 á lóð nr. 10 við Njörvasund. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju. Stækkun 22,5 rúmm., flatarmál óbreytt. Samþykki meðeiganda dags. 12.05.2015 liggur fyrir. Gjald kr. 11.000

*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Njörvasundi 8 og 12.*

*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gr. 8.1. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1193/2016. Erindið verður ekki grenndarkynnt fyrr en greitt hefur verið fyrir grenndarkynningu.*

20. **Seljavegur 32,** *Breytingar innanhúss og setja stiga í stað svala.* (01.133.111) Mál nr. BN055266 Skjalnr. 12744

690981-0259 Ríkiseignir, Borgartúni 7a, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. nóvember 2018 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. nóvember 2018 þar sem sótt er um leyfi fyrir breytingum innanhúss, þannig að gististaður verður í flokki II, teg. c ásamt því að koma fyrir flóttastiga í stað svala í húsi á lóð nr. 32 við Seljaveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt tölvupósti byggingarfulltrúa dags. 4. desember 2018 þar sem umsagnarbeiðni er dregin til baka. Erindi fylgir bréf frá Ríkiseignum dags. 10. apríl 2018 þar sem Lotu ehf., er veitt umboð til að leggja erindið inn til byggingarfulltrúa. Gjald kr. 11.000

*Lagður fram tölvupóstur byggingarfulltrúa dags. 4. desember 2018 þar sem umsagnarbeiðni er dregin til baka.*

21. **Austurhöfn,** *breyting á deiliskipulagi* (01.11) Mál nr. SN180821 Skjalnr. 8338

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Austurhafnar. Í breytingunni felst að skipulagsreitur er minnkaður um 451 fm. við það að skipulagsmörk í Pósthússtræti eru færð nær lóðinni Austurbakka 2 þannig að þau liggja 3 metra frá lóðarmörkum, samkvæmt uppdr. Batterísins Arkitekta ehf. dags. 28. nóvember 2018.

*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

22. **Bauganes 1A,** *breyting á deiliskipulagi* (01.672.0) Mál nr. SN180815 Skjalnr. 8792

Einar Sævarsson, Bauganes 1A, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Einars Sævarssonar dags. 26. nóvember 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Einarsness vegna lóðarinnar nr. 1A við Bauganes. Í breytingunni felst að auka byggingarmagn á lóðinni, þar sem gert er ráð fyrir að byggja við samþykktan bílskúr á norðurenda lóðarinnar og tengja hann við húsið ásamt því að byggja við eldhús, samkvæmt uppdr. Hildar Bjarnadóttur arkitekts dags. 26. nóvember 2018.

*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*

*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1193/2016.*

23. **Elliðabraut 12,** *(fsp) fjölgun íbúða* (04.772.7) Mál nr. SN180812 Skjalnr. 13145

660505-2100 Mótx ehf., Hlíðasmára 19, 201 Kópavogur
500191-1049 Arkþing ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Halls Kristmundssonar dags. 23. nóvember 2018 áamt bréfi Mótx ehf. og Félagsbústaða hf. dags. 21. nóvember 2018 um að fjölga íbúðum í húsinu á lóð nr. 12 við Elliðabraut, samkvæmt uppdr. Arkþings ehf. dags. 10. október 2018 og 21. nóvember 2018.

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

24. **Hlíðarendi,** *breyting á deiliskipulagi* (01.62) Mál nr. SN180360 Skjalnr. 8573

491299-2239 Valsmenn hf., Laufásvegi Hlíðarenda, 101 Reykjavík
501193-2409 ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18, 201 Kópavogur

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. nóvember 2018 var lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 16. nóvember 2018 þar sem gerð er athugasemd við birtingu auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda þar sem ekki er gerð grein fyrir skiptingu húsnæðis á lóð A á milli Íbúða-, atvinnu- og leikskóla, né gerð grein fyrir fjölda íbúða, bílastæða o.fl. Erindinu var vísað til meðferðar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

25. **Laugavegur 20B,** *(fsp) aukning á byggingarmagni* (01.171.5) Mál nr. SN180622 Skjalnr. 6844

470605-1460 Stórval ehf, Vínlandsleið 16, 113 Reykjavík
431005-0690 P ARK teiknistofa sf, Laugavegi 59, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. september 2018 var lögð fram fyrispurn Páls V Bjarnasonar dags. 3. september 2018 ásamt greinargerð dags. 25. október 2018 varðandi stækkun hússins á lóð nr. 20B við Laugaveg sem felst í að byggja einnar hæðar viðbyggingu með þaksvölum ásamt því að hækka millibyggingu húss og gera kvist að sunnanverðu og svalir, samkvæmt uppdr. P ARK teiknistofu sf. dags. 25. október 2018. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 5. desember 2018 og skipulagsfulltrúa dags. 7. desember 2018.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. desember 2018 samþykkt.*

26. **Lautarvegur 20, 22, 24 og 26,** *breyting á deiliskipulagi* (01.945) Mál nr. SN180816 Skjalnr. 13837

Sólveig Berg Emilsdóttir, Hörgshlíð 18, 105 Reykjavík
560997-3109 Yrki arkitektar ehf, Mýrargötu 26, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. nóvember 2018 var lögð fram umsókn Yri arkitekta ehf. dags. 27, nóvember 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Neðan Sléttuvegar vegna lóðanna nr. 20, 22, 24 og 26 við Lautarveg. Í breytingunni felst að fjölga íbúðum úr fjórum í átta, tvær í hverri húseiningu, samkvæmt uppdr. Yrki arkitekta ehf. dags. 26. nóvember 2018. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gr. 7.5 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1193/2016.*

27. **Sólvallagata 67,** *breyting á deiliskipulagi* (01.138.2) Mál nr. SN180625 Skjalnr. 12269

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar dags. 6. september 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 67 við Sólvallagötu, Vesturbæjarskóli. Í breytingunni felst að lóðin er stækkuð í suðvesturenda. Vesturvallagata er lögð af sem akstursgata milli Hringbrautar og Ásvallagötu og bætist það svæði við lóðina. Fjögurra m. breið gönguleið á milli skólalóðar og lóðanna Ásvallagötu 81 og Hringbrautar 112-114. Girðing meðfram lóðarmörkum á stækkun lóðar skal vera hámark 1.2 m. á hæð, samkvæmt uppdr. umhverfis- og skipulagssviðs dags. 4. september 2018. Tillagan var auglýst frá 22. október 2018 til og með 3. desember 2018. Engar athugasemdir bárust.
*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar*

28. **Brúnavegur 13,** *Stækka framleiðslueldhús og stækkun* (01.351.001) Mál nr. BN055530 Skjalnr. 8221

570269-2679 Sjómannadagsráð, Laugarási Hrafnistu, 104 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 4. desember 2018 þar sem sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu, eina hæð og kjallara, stækka þannig framleiðslueldhús og koma fyrir loftræsibúnaði í kjallara viðbyggingar á norðurhlið A-álmu Hrafnistu á lóð nr. 13 við Brúnaveg. Viðbygging: 277 ferm., XX rúmm. Gjald.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

29. **Egilsgata 14,** *Bílskúr og breyta innra fyrirkomulagi* (01.195.003) Mál nr. BN055057 Skjalnr. 14003

510517-0830 Reir verk ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 11. september 2018 þar sem sótt er um leyfi til að breyta lítillega fyrirkomulagi í kjallara, 1. og 2. hæðar og byggja einfaldan steinsteyptan bílskúr vestan megin við hús á lóð nr. 14 við Egilsgötu. Erindi var grenndarkynnt frá 2. nóvember 2018 til og með 30. nóvember 2018. Engar athugasemdir bárust. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 31. ágúst 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. ágúst 2018. Stærð: 34,8 ferm., 101,0 rúmm. Gjald,
*Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*
*Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.*

30. **Barónsstígur 2-4 og Skúlagata 36,** *breyting á deiliskipulagi* (01.154.3) Mál nr. SN180156 Skjalnr. 9798

690310-0900 Reitir VII ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Hátúni 2B, 105 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Teiknistofu Arkitekta ehf. dags. 5. mars 2018 ásamt bréfi dags. 6. mars 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Barónsreits vegna lóðanna nr. 2-4 við Barónsstíg og 36 við Skúlagötu. Í breytingunni felst heildar endurskoðun á þróun uppbyggingar á reitnum. Meðal annars er lögð til L laga nýbygging á 1-6 hæðum frá Hverfisgötu inn í reitinn sem verður með til að mynda torg að götu og samtenging allra bygginga á reitnum, samkvæmt uppdr. Teiknistofu Arkitekta ehf. dags. 14. febrúar 2018, síðast breytt 21. júní 2018. Tillagan var auglýst frá 17. júlí til og með 28. ágúst 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Sigurður Valgeir Guðjónsson f.h. Rauðsvíkur ehf., Hverfisgötu 85-93 ehf. og Hverfisgötu 92 ehf. dags. 21. ágúst 2018, Daníel Þór Magnússon f.h. Hverfisstígs ehf. dags. 24. ágúst 2018 og G og Ó lögmenn f.h. húsfélagsins að Skúlagötu 32-34 dags. 27. ágúst 2018. Einnig er lögð fram umsögn Veitna ohf. dags. 28. ágúst 2018. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. ágúst 2018 og er nú lagt fram að nýju.
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

31. **Brautarholt 8,** *(fsp) hækkun húss* (01.241.2) Mál nr. SN180823 Skjalnr. 7259

570215-0350 Urban arkitektar ehf., Túngötu 45, 101 Reykjavík
181066-4079 Snorri Waage, Hlíðarbyggð 19, 210 Garðabær

Lögð fram fyrirspurn Urban arkitekta ehf. dags. 30. nóvember 2018 ásamt greinargerð dags. 27. nóvember 2018 um hækkun hússins á lóð nr. 8 við Brautarholt úr þremur hæðum í fimm hæðir, samkvæmt uppdr. Urban arkitekta ehf. dags. 16. nóvember 2018.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

32. **Depluhólar 5,** *(fsp) hækkun á þaki bílskúrs* (04.641.7) Mál nr. SN180804 Skjalnr. 14043

Helga Jensen, Depluhólar 5, 111 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Helgu Jensen dags. 20. nóvember 2018 um að hækka þak bílskúrs/setja ris á bílskúr á lóð nr. 5 við Depluhóla.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

33. **Fossvogshverfi,** *breyting á skilmálum vegna einbýlishúsa* (01.85) Mál nr. SN180637 Skjalnr. 5378

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, dags. 14. september 2018 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulagsins Fossvogshverfis. Í breytingunni felst að skilgreinar nýtingarhlutfall ofanjarðar og bæta við heimild til nýtingarhlutfalls ofanjarðar vegna B-rýma. Tillagan var auglýst frá 22. október 2018 til og með 3. desember 2018. Engar athugasemdir bárust.
*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar*

34. **Kleifarás 6,** *Stækkun og breyting á einbýlishúsi* (04.375.503) Mál nr. BN055484 Skjalnr. 14049

Agnar Bergmann Birgisson, Kleifarás 6, 110 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. nóvember 2018 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. nóvember 2018 þar sem sótt er um leyfi til að stækka og breyta einbýlishúsi nr. 6 við Kleifarás. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. desember 2018. Stækkun: xx,xx ferm., xx,xx rúmm. Gjald kr. 11.000
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 7. desember 2018.*

35. **Kirkjustétt 2-6,** *breyting á skilmálum deiliskipulags* (04.132.2) Mál nr. SN180833 Skjalnr. 9038

450400-3510 VA arkitektar ehf, Borgartúni 6, 105 Reykjavík
530516-0670 M fasteignir ehf., Bæjarlind 14-16, 200 Kópavogur

Lögð fram umsókn VA arkitekta ehf. dags. 5. desember 2018 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags Grafarholts deiliskipulag svæði 1-norðurhluti vegna lóðarinnar nr. 2-6 við Kirkjustétt. í breytingunni felst að útkragandi svalir, sem áður máttu ná 0,8 metra út fyrir byggingarreit, mega nú ná 1,0 metra út fyrir byggingarreit, samkvæmt tillögu VA arkitekta ehf. dags. 5. desember 2018.
*Vísað til Skipulags- og samgönguráðs.*

*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gr. 8.2 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1193/2016.*

36. **Þrastarhólar 6-10,** *nr. 6 - breyting á skilmálum deiliskipulags* (04.648.5) Mál nr. SN180787 Skjalnr. 13973

441109-0240 Stáss Design ehf., Fiskislóð 24, 101 Reykjavík
580377-0259 Þrastarhólar 6,húsfélag, Þrastarhólum 6, 111 Reykjavík

Lögð fram umsókn Stáss Design ehf. dags. 8. nóvember 2018 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags Breiðholts -3 norðurdeild vegna lóðarinnar nr. 6-10 við Þrastarhóla. Í breytingunni felst að breyta sameiginlegu þjónustuherbergi í húsi nr. 6 í sjálfstæða íbúð, samkvæmt tillögu Stáss Design ehf. dags. 2. nóvember 2018.
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*

37. **Hraunbær-Bæjarháls,** *breyting á deiliskipulagi* (04.33) Mál nr. SN180826 Skjalnr. 5660

501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík
670510-0340 a2f arkitektar ehf., Laugavegi 26, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn a2f arkitekta ehf. dags. 30. nóvember 2018 varðandi breytingu á deiliskipulags Hraunbæjar-Bæjarháls. Í breytingunni felst breyting á staðsetningu lóðar- og byggingarreits fyrir dreifistöð rafmagns, samkvæmt uppdr. a2f arkitekta ehf, dags. 22. nóvember 2018.
*Vísað til Skipulags- og samgönguráðs.*
*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gr. 8.2 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1193/2016.*

38. **Úrgangslausnir við íbúðarhúsnæði í Reykjavík,** *drög að leiðbeiningum*

Mál nr. SN180828
Skjalnr. 9414

530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi skrifstofu umhverfisgæða dags. 3. desember 2018 þar sem óskað er eftir umsögn um drög að leiðbeiningum um úrgangslausnir við íbúðarhúsnæði í Reykjavík dags. í desember 2018.

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:47.

Björn Axelsson

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Helena Stefánsdóttir